

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

ROVIO

ANGRY BIRDS IS A REGISTERED TRADEMARK OF
ROVIO ENTERTAINMENT LTD. ALL RIGHTS RESERVED.
COPYRIGHT ©2009-2012 ROVIO ENTERTAINMENT LTD.
ALL RIGHTS RESERVED.



ANGRY BIRDS™



WWW.FAZERCOM/ANGRYBIRDS

Finnst þér ekki **Esjan** vera sjúkleg og **Akrafallið** geðbillað að sjá?



Allar trúlofanir vel þegnar

BÓNORÐ Í BREKKUNNI?

Aðstandendur **Mýraboltans** segjast hafa ákveðið að auglýsa eftir **bónorðum** þar sem slíkt hafi verið vinsælt á hátíðum sumarsins. Þer þar helst að nefna frægt bónorð Óla Ofur á lokakvöldi listahátíðarinnar **LungA** en Óli skelti sér á skeljarnar fyrir framan skarann og bað kærustunnar Valdísar Helgu. Ætli einhver gerist einnig svo djurfur á **þjóðhátíð** eða **Innipúkunum** þetta árið?

Um helgina verður haldin hin árlega drulluhátíð **Mýraboltinn** og auglýsa rómantískir forsvarsmenn hátíðarinnar eftir **trúlofunum** á heimasíðu sinni.

Mýraboltinn er lesendum eflaust kunnugur en íþróttahátíðin hefur verið haldin árlega um nokkurt skeið og virðist verða vinsælli með hverju árinu. „Það er metskráning í ár og yfir hundrað prósent fjölgun í kvennaliðum,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, annálaður drullusokkur og einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Á heimasíðunni Myrabolti.com má finna allar helstu upplýsingar tengdar hátíðarhöldunum en þar auglýsa höfuðpaðurnir einnig eftir trúlofunum. Á síðunni stendur: „Til þess að þessir ástarviðburðir

fari sem best fram og til þess að fyrirbyggja drulluvandræðaleg mómment þar sem mögulegar trúlofanir verða að engu vegna slæmrrar tímasetningar tveggja para verður hægt að senda inn umsóknir um rétt til trúlofunar á Evrópumeistaramótinu í Mýrabolta.“ Skipuleggjendur hátíðarinnar vilja því greinilega koma í veg fyrir kraðak í trúlofunum og hafa brugðið á þetta frumlega ráð.

Engar trúlofanir borist enn
„Við vildum auglýsa eftir trúlofunum því þetta hefur verið í tísku

á stórhátíðum í ár,“ segir Jóhann og bætir við að því miður hafi Mýraboltanefndinni ekki borist nein trúlofunarbeiðni ennþá. „Því miður hefur enginn sent inn beiðni eins og staðan er í dag en áhugasamir hafa dágóðan tíma til stefnu. Sá vonbiðill sem verður fyrstur að senda inn fær besta spottíð á lokakvöldinu,“ segir Jóhann og hvetur feimna vonbiðila til að hafa samband sem fyrst. „Þetta þurfa að vera hressar típur sem taka sig ekki of alvarlega.“

sj



MMM

MONITOR MÆLIR MED...

Í FATASKÁPINN

Verslunin Gallerí Sautján tók á dögunum upp vörur frá sænska tiskuframleiðandanum **Cheap Monday**. Fyrir þá sem verða í bænum um verslunarmannahelgina væri tilvalið að kíkja í Kringluna eða Smáralind og skoða hvað þessi ódýri mánudagur stendur fyrir.



FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐARGESTI

SegVeyjar er fyrsta Segway-hjólaleigan á Íslandi og er staðsett í Vestmannaeyjum. Fyrir þá sem þekkja ekki til eru Segway-hjól rafdrifin hjól sem maður stendur upp á og stjórnar með hreyfingum líkamans – fram, aftur og til hliðanna. Hjólin eru afar umhverfisvæn og því tilvalið fyrir forvitna þjóðhátíðargesti að prófa þetta skemmtilega og sérkennilega farartæki.



Í MALLAKÚTINN

Langar þig að dekra við þig? Farðu á Tapashúsið og pantaðu þér Tívoliferðina, hún er himnesk.




Vikan á facebook



Brynjar Unnsteinsson
You can't spell bass without ass ;) 27. júlí kl. 15:24



Logi Geirsson
Eruð þið að grínast hvað landsliðið er að komast í gamla góða girin. Við erum til alls líklegir með svona spillamennsku. Kannski að maður taki bensín á ÓB í fyrsta skipti í dag, 20 krónur af lítranum ef svona heldur áfram. 31. júlí kl. 9:12



Kjartan Atli Kjartansson
Heyrðu við skulum nú aðeins staldra við og pæla í jákvæðum

hlutum. Í gær spilaði Tottenham við NY Red Bulls og þar léku tveir Íslendingar listir sínar, í sitthvori liðinu. Á sama tíma eigum fullt af keppendum á ÓL og átti Ragna flottan leik í gær og var óheppin að komast ekki í hóp 16 bestu hnitspilara heims. Handboltaliðið er náttúrulega í fremstu röð, eins og allir vita. Ofan á þetta höfum við átt tvo NBA-leikmenn, sem er náttúrulega fáránlegt, miðað við nágrannalöndin. Kæmi mér ekki á óvart ef við myndum eignast eina WNBA dömu innan skamms tíma. Íþróttalíf á Íslandi er svo þvilíkt blómlegt að það hálfá væri nóg. Og þetta er starf sem er byggt upp á óeigingjörnum sjálfboda-liðum sem gefa vinnu sína, á meðan hreyfingin er nokkuð fjársvelt miðað við hvað maður sér í öðrum löndum. Þetta sýnir hvað við getum verið mögnuð. Skulum vera stolt af íþróttafólkinu okkar! Þetta er til marks um hvaða árangur næst þegar allir leggjast á eitt.

Snilld.

1. ágúst kl. 9:03

FEITAST I BLAÐINU

4 Hvert ætlar þú um verslunarmannahelgina? Monitor finnur alltaf svarið.



8 Stans. Bíddu. Farðu. Ásgeir Orri er á leið til L.A. og finnst fyndið að meika það.



12 Áslaug Björns sýnir Stílnum fjögur mismunandi dress enda smekkskvísa.



14 Fannar Sveins er ekki eins hraður í Lokaprófinu og margur myndi halda.



Efst í huga Monitor

Saga af litlum dreng

Mað var einu sinni strákur sem bjó í Breiðholti hjá mömmu sinni fyrstu fjögur ár ævi sinnar. Þegar hann var fimm ára þá flutti hann í nýtt hús í Árbænum því að móðir hans hafði kynnst yndislegum manni sem þar bjó.

Þessi maður tók litla stráknum opnum örmum og gaf honum mikla umhyggju og ástúð. Oft og tíðum fóru þau öll þrjú saman út að borða og fóru svo jafnvel í ísbiltúr eða í bíó eftir matinn. Litli strákurinn var í skýjunum með nýja mann móður sinnar og kallaði hann einfaldlega „pabba“.

Litli strákurinn var samt líka í góðu sambandi við föður sinn og heimsótti hann aðra hvora helgi. Þeir félagar gerðu margt saman, fóru stundum í keilu og stundum í sund. Pabbi stráksins sagði líka stundum við hann að þegar hann yrði eldri þá myndi hann bjóða honum á körfubolta eða í NBA-deildinni í Ameríku.

Fósturpabbi stráksins átti fyrirtæki og gat því unnið mikið heima hjá sér. Sökum þessa gat hann passað strákinn mikið. Það komu jafnvel dagar þar sem þeir voru

heima heilu dagana að spila á spil eða að æfa sig að þúttu á golfmottunni sem fósturpabbinn átti.

En svo var það einn daginn á sólríkum sumardegum þegar fósturpabbinn og strákurinn voru búnir að leika sér saman í dágóða stund að fósturpabbinn þurfti skyndilega að svara mjög mikilvægu símtali. Því brá fósturpabbinn sér út á pall í smástund til að tala í símann. Litli strákurinn vissi ekki að hann hafði farið út á pall og fór því að leita að honum.

Hann leitaði og leitaði og fann hann svo loksins þegar fósturpabbinn kom inn af pallinum. Strákurinn var furðurólegur þrátt fyrir að hafa átt í erfðleikum með að finna hann og sagði einfaldlega: „Hvert fóstu-pabbi?“

Góða helgi.
Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) **Umbrot:** Rebekka Líf Alberts (rebekka@mbl.is)
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kring@mbi.is)
Myndvinnsla: Andrea Kristjánsdóttir **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Hvar verður þú um verzlunarmannahelgina?

Það getur verið erfitt að ákveða hvert skuli halda þessa miklu ferðahelgi. **Monitor** kynnti sér **dagskrána á helstu hátíðum helgarinnar** fyrir óákveðna ferðalanga.



Ein með öllu

Kirkjutröppuhlaup, kaffi Költ og stanslaus dagskrá.

Hvað? Fjölskylduhátíð með vinalegu ívafi.

Hvar? Akureyri.

Hverjir spila? Hvanndalsbræður, Dúndurfréttir, Hjálmar, Páll Óskar, XXX Rottweilerhundar, Sálin hans Jóns míns og fleiri.

Hvað kostar? Ekkert á hátíðina en miðaverð á einstaka tónleika er misjafnt.

Hvernig er veðurspáin? Léttskýjað og 13-16 gráður.



Þjóðhátíð

Dalurinn, brekkan, brennan og lífið sem er yndislegt.

Hvað? Útihátíð á heimsælikvarða.

Hvar? Í Vestmannaeyjum.

Hverjir spila? Ronan Keating, Dope D.O.D., Blaz Roca, Friðrik Dór, Jón Jónsson, Bubbi, Bó, Helgi Björns, Mugison, Fjallabræður, Hjálmar, Kiriya Family, Ham, Retrobot, Ingó og Veðurguðirnir, Botnleðja, Buff, Úlfur Úlfur, Páll Óskar og fleiri.

Hvað kostar? Miði í dalinn kostar 18.900 krónur.

Hvernig er veðurspáin? Skýjað með köflum og 12-13 gráður.



Mýraboltinn

Drulluskemmtilegt drullusvað fyrir orkubolta.

Hvað? Drullumall, íþróttir og skemmtidagskrá.

Hvar? Á Ísafirði.

Hverjir spila? Dikta, The Vintage Caravan, Húsið á sléttunni og fleiri.

Hvað kostar? 8500 kr. fyrir allan pakkann, 6500 kr. fyrir þá sem vilja ekki drulla sig út.

Hvernig er veðurspáin? Léttskýjað og 12-13 gráður.



Innipúkinn

Hin bráðnauðsynlega hipsterahátíð.

Hvað? Tónlistarhátíð fyrir borgarbörnin.
Hvar? Iðnó í Reykjavík.
Hverjir spila? Dr. Gunni, Kiriya Family, Tilbury, Borko, Prins póló, Mammút, Lay Low, Moses Hightower, Gang Related, Úlfur Úlfur og fleiri.
Hvað kostar? 5.500 krónur á hátíðina í heild, 3.000 krónur á stakt kvöld.
Hvernig er veðurspáin? Skýjað með köflum og 12-14 gráður.



Unglingalandsmót UMFÍ

Heilsusamleg helgarskemmtun og kósý kvöldvökur.

Hvað? Íþrótta- og fjölskylduhátíð.
Hvar? Á Selfossi.
Hverjir? Ingó og Veðurguðirnir, Úlfur Úlfur, Jón Jónsson og Blár Ópal.
Hvað kostar? Keppnisgjald er 6.000 krónur á hvern keppanda en frítt er inn fyrir áhorfendur.
Hvernig er veðurspáin? Skýjað með köflum og 14-16 gráður.



Edrúhátíð SÁÁ

Útihátíð fyrir andlegu hliðina.

Hvað? Fjölskylduhátíð í anda tónleikaraðarinnar Kaffi, kökur, rokk og ról.
Hvar? Laugaland í Holtum.
Hverjir? Smári Tarfur, Mannakorn, Kiriya Family, Prins póló, Tilbury og margir fleiri.
Hvað kostar? Aðgangseyrir er 4.500 krónur.
Hvernig er veðurspáin? Sól og 14-17 gráður.



Hálendis spjót

NÝTT

Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuoilíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuduðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

2.690 kr.

LIFE IS BEAUTIFUL

Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

Jókerinn: „Do you know how I got these scars?“
The Dark Knight (2008)



VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa miða á **The Dark Knight Rises** fylgstu með ...
[facebook.com/monitorbladið](https://www.facebook.com/monitorbladið)



GOTH-TÍSKAN ER HEIT Í GOTHAM-BORG

SÝNING VIKUNNAR

The Dark Knight Rises

The Dark Knight Rises gerist átta árum eftir að Batman glímdi við hinn snargeggaða Joker og afsprengi hans, Two Face Harvey. Sú barátta leiddi til óvinsælda Batmans í Gotham-borg enda kenndu margir honum um þær ófarir sem borgarbúar þurftu að þola. En Batman getur ekki setið aðgerðalaus hjá þegar illmennioð Bane gerir heyrnumkunnugt að hann ætli sér að sprengja Gotham í loft upp og lætur

Leikstjóri: Christopher Nolan.
Aðalhlutverk: Gary Oldman, Tom Hardy, Morgan Freeman, Cillian Murphy, Marion Cotillard og Joseph Gordon-Levitt.
Langd: 165 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri, Selfossi, Keflavík, Laugarásbíó og Smárabíó.

ekki þar við sitja heldur byrjar framkvæmdina borgarbúum til mikillar skelfingar. Fljótlega kemur í ljós að Bane er allt of flugur fyrir lögregluþó borgarinnar þannig að Batman neyðist til að koma enn á ný til skjalanna, hvort sem það verður honum endanlega að flali eða kemur honum aftur í náð hjá borgarbúum.

KVIKMYND

Ban(e) eittraður lokakafli!

Það var magnþrungin stund þegar ég steig inn í bíósalinn vitandi að loksins væri ég að fara að sjá The Dark Knight Rises. Hér er á ferðinni kvikmynd sem lengi hefur verið beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Það má jafnvel segja að ég hafi verið í tilfinningalegum rússíbana mínúturnar fyrir sýningu, svo spennur var ég, en á sama tíma kvíðinn yfir því að hún myndi ekki standast væntingar. Blessunarlega tókst henni það en leikstjóra myndarinnar, Christopher Nolan, brást ekki bogalistin frekar en fyrri daginn, þvítík epík!

Kvikmyndin gerist átta árum eftir The Dark Knight og er Leðurblökumaðurinn, sem hefur verið í felum allan þann tíma, tilneyddur til að fara aftur á stjá þegar hryðjuverkamaðurinn og sækópatinn Bane virðist ætla að söðla undir sig öll völd í undirheimum Gotham-borgar. Eins og í fyrri myndum þrileiksins var leikaravalið óaðfínnanlegt og voru nýju andlitin ekki síðri en þau gömlu. Má þar helst nefna Anne Hathaway í hlutverki Kattar-konunnar og Tom Hardy í hlutverki skúrksins. Svo sannfærandi var hann sem



siðblindi geðsjúklingurinn Bane, að ég fann fyrir gæsaþó á ólíklegustu stöðum í hvert sinn sem hann lét eitthvað útúr sér. Kvikmyndin sem slík er ótrúlegt sjónarspil og öll umgjörðin af dýrari gerðinni. En þó svo að það sé hreinn unaður að fylgjast með því sjónarhorni myndarinnar og að tækniþrellurnar séu eins fagmannlegar og vól er á, þá skyggja þær ekki á persónusköpun og góða framistöðu leikaranna, eins og vill gerast með kvikmyndir af þessari stærðargráðu. Nolan hefur tekist að skapa ótrúlega vel gerðan þrileik, úr ofurhetju sem margir töldu fram úr væntingu flestra hvað varðar gæði og afreyningu. Ég gæti haldið áfram að hæla TDKR eins lengi og blekið í pennisnum mínum endist en þriðja myndin er drauma endir á sögunni um Leðurblökumanninn og voru þessir þrjú tímar í Laugarásbíó hin fullkomna bíóferð.



HJÁLMAR KARLSSON


THE DARK KNIGHT RISES



Með Clean and Clear verður húðin hrein, falleg og lýtalaus. Húðsnyrtivörur sem hreinsa burt öll óhreinindi, fílapensla og bólur. 100% notenda sjá mun eftir aðeins einn dag.

Fjórar línur eru sérsniðnar fyrir ólíkar húðgerðir og vandamál. Finndu lausnina sem hentar þinni húð.

Finndu okkur á Facebook **Clean&Clear Iceland**



Prófað af húðlæknum



Morning Energy™ Shine Control
falleg húð allan daginn



Truly Gentle
fer mjúkum höndum um viðkvæma húð



Clean and Clear fyrirbyggjandi fyrir óhreina húð



Blackhead Clearing
burt með bólur og fílapensla!

Tal


„Nilli, þú þarft ekkert að flýta þér, mamma getur horft í marga klukkutíma á Skype, 10 gígabæt, maður!“



10 GB Stærsta 3G net landsins 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel talað við mömmu á Skype í marga klukkutíma. Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.

Svona á samband að vera.



■ 3G
■ 2G

Tal er á 3G neti Símans

„Engin leið að snúa við“

„Það sem gerir mann virkan í þessu er að setja sig í ákveðinn karakter,“ segir Ásgeir Orri Ásgeirsson, tónlistarmaður. **Monitor** ræddi við Ásgeir um **Stop Wait Go**, Steinda, framtíðina og fyrrverandi kærustur.

Ásgeir Orri Ásgeirsson er 22 ára karlmaður sem hefur gaman af því að spila tölvuleiki og horfa á fótbolta. Hann er einnig hluti af þríeykinu **Stop Wait Go** sem hefur í samstarfi við fjölmargt íslenskt tónlistarfólk sent frá sér hvern smellinn á fætur öðrum á undanföllum árum. Ásamt Ásgeiri skipa þríeykið Pálmi Ragnar, bróðir Ásgeirs, og Sæþór Kristjánsson. „Þetta byrjaði með því að Steindi hringdi í mig þegar hann var að byrja með þættina á Stöð 2,“ segir Ásgeir en lesendur kannast eflaust við kauða úr myndbandinu við smellinn Geðveikt finn gaur. „Kannski væri ég bara ræsisrotta í dag ef Steindi hefði ekki komið til mín,“ segir Ásgeir hlæjandi en í framhaldi af innkomu hans og **Stop Wait Go** í Steindann okkar buðust teyminu ýmis verkefni. Á haustmánuðum fara félagarnir á vit ævintýrana í Los Angeles þar sem þeir eru með umboðsmann og segist Ásgeir spenntur að taka áhættuna. „Tækifærið virðist vera núna ef við viljum gera eitthvað úr þessu.“

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Árni Sæberg

sigyn@monitor.is
sæberg@mbl.is

Hafið þið bræðurnir alltaf haft áhuga á að semja tónlist? Í rauninni byrjuðum við á þessu þegar við vorum svona tíu ára gamlir. Þá vorum við miklir rokkarar, kenndum sjálfum okkur á gítar, stofnuðum þungarokkhljómsveit og ég veit ekki hvað og hvað. Þannig að við höfum alltaf verið að semja tónlist og eiginlega alltaf saman svo við þekkjum vel hvor inn á annan þegar kemur að lagasmíðum.

Myndir þú segja að þið væruð hinir íslensku Liam og Noel Gallagher?

Við höfum reyndar ekki verið í hljómsveit saman eða jú reyndar, þannig að kannski má bara segja það. Við erum samt ekki með svona dólglæti eins og þeir. Það væri kannski málið að byrja á því bara núna í þessu viðtali og skjóta aðeins á Pálma. Hann er nú meira fíflíð. (Hlær)

Hefur þú stundað tónlistarnám?

Nei, ekki að neinu ráði en ég hef farið í svona 20 gítartíma yfir ævina. Ég hef aðallega kennt mér sjálfur með því að pikka upp lög og hljóma. Ég veit til dæmis ekkert hvað neindir hljómar heita og það er oft mjög vandræðalegt, til dæmis í útilegum þegar einhver biður mig um að spila eitthvað þá get ég það alls ekki. Ég get ekkert fylgt söngbókum. Ok, ég lýg því kannski að ég kunni enga hljóma en yfirleitt geri ég bara það sem mér finnst passa best.

Hvað varð um harðkjarnapönksveitina Hopeless Regret þar sem þú lékst á gítar?

Það kom upp ákveðinn ágreiningur innan hljómsveitarinnar. (Hlær) Nei, ég segi svona. Við tókum þátt í Músiktilraunum þegar ég var svona 13 ára og komumst ekki áfram á úrslitakvöldið þannig að út frá því hættum við að æfa og byrjuðum í öðru. Það er reyndar gaman að segja frá því að Hopeless Regret gerði eina plötu og það var enginn annar en Ólafur Arnalds sem tók upp plötuna. Þá var hann nefnilega mjög virkur í harðkjarnasenunni hér á landi og nýbyrjaður að fíkta í þessum fíðlum. Við

|| Síðan kom einhver þáverandi kærasti hennar og ætlaði að lemja mig fyrir að hafa samið lagið.

erum kannski ekki þeir einu sem höfum þroskast upp úr harðkjarnarokkinu.

Af hverju ákvað hjólabrettatöfari í rokkhljómsveit að fara í Verzló eftir 10. bekk?

Ég veit það ekki alveg. Mamma, pabbi og systir mín höfðu öll farið í MH og sögðust hata að vera þar. Allir vinir mínir fóru líka í Verzló og það lá beinast við. Svo var Pálmi líka í Verzló og hafði komist inn í Nemó á fyrsta árinu sem gerði þetta allt saman mjög spennandi. Maður vildi auðvitað taka þátt í þessu eins og hann.

Nú tókst þú þátt í nær öllu félagslífi í Verzló eins og til dæmis Nemendamótinu og grínþáttunum 12:00. Hvað fannst þér skemmtilegast?

Mér fannst skemmtilegast í 12:00 og fann mig vel þar. Ég myndi aldrei kalla mig einhvern leikara en mér fannst virkilega gaman að gera þessa þætti. Það situr enn í mér að geta ekki gert svona þætti lengur því manni er enn að detta fyndnir sketsar í hug sem væri gaman að framkvæma.

Hvernig myndaðist StopWaitGo teymið?

Það myndaðist eiginlega út frá hip hop-hljómsveitinni Kicks! sem ég var í með vinum mínum. Ég, Sæji og Eysteinn vinur okkar höfðum lengi verið að leika okkur í hljómsveit í grunnskóla og þegar ég byrjaði í Verzló samdi ég lagið því fer sem fer. Lagið er um fyrrverandi kærustuna mína og textinn kannski frekar ljótur en það varð ágætlega vinsælt í skólanum, meira að segja svo vinsælt að mér var boðið að setja það í spilun á FM957. Ég gerði það ekkert því fyrrverandi kærastan var náttúrulega brjáluð út í mig og bannaði að lagið færi í spilun. Síðan kom einhver þáverandi kærasti hennar og ætlaði að lemja mig fyrir að hafa samið lagið, mjög mikið barnadrama í gangi á þessum tíma sem er fyndið að hugsa til núna. En Kicks! myndaðist sem sagt þegar Henrik bættist í hópinn og það okkur að taka þátt í söngkeppninni Vælinu með sér. Í framhaldinu fórum við að gera eigið efni og gáfum út nokkur lög. Ég hélt áfram að gera einhverja takta sem er reyndar það sem mér finnst skemmtilegast við þetta allt saman. Meira að segja þegar ég var í rokkhljómsveitinni gerði ég takta því mér fannst svo pirrandi að geta ekki heyrt lögin sem ég var að semja fyrr en á æfingum þannig að ég keypti tónlistarforrit og byrjaði að þreifa fyrir mér á því sviði. Oft fór ég heim úr skólanum og var langt fram á kvöld að gera þetta og einhvern veginn smá þetta alveg án þess að ég vissi hvort ég myndi gera eitthvað við þetta seinna. Þegar við stofnuðum svo StopWaitGo, undir þessu



Umboðsmaðurinn okkar segir sjálfur að hann nenni ekki að vera að vesenast í einhverjum smálöxum.

nafni sem Eysteinn vinur minn á heiðurinn að, þá einhvern veginn dró hann sig í hlé og var ekki alveg eins áhugasamur um þetta og við hinir.

Er ákveðin verkaskipting innan hópsins?

Já, það mætti segja það. Við Pálmi semjum lagið fyrir viðkomandi listamann, gerum taktinn við það og pródúserum. Svo látum við Sæja fá afraksturinn og hann sér um tæknilegu hliðina, að láta þetta allt saman hljóma vel. Við reynum að vinna þetta á skrifstofutíma allir saman í stúdíóinu en oft fer þetta út í einhverja vitleysu og næturvinnu. Stundum vinnum við reyndar hver á sínum staðnum og þá erum við Pálmi kannski heima og Sæi í stúdíóinu. Þannig komumst við yfir sem mest efni á skemmst-um tíma.

Hvenær ákváðuð þið að taka þetta alla leið og byrja að vinna með öðrum tónlistarmönnum?

Þetta byrjaði með því að Steindi hringdi í mig þegar hann var að byrja með þættina á Stöð 2. Hann biður

mig að gera lag með sér eftir að hafa séð 12:00-þættina sem enduðu alltaf á tónlistarmyndbandi. Steindi vildi gera eitthvað svipað í sínum þáttum, stela hugmyndinni, og ég féllst á að vera með. (Hlær) Hann tók skýrt fram að hann vildi nota „autotune“-popplag og úr varð Geðveikt finn gaur sem kom vel út. Vinsældir lagsins komu mér í opna skjöldu því ég vissi ekkert hversu stórt batterí þetta yrði. En fyrir það höfðum við verið að vinna eitthvað með Friðriki Dór og Erp (Keyrumettígang) og Nylon-stelpunum sem voru komnar með plötusamning í Bandaríkjunum, svo það gerðist mjög margt á stuttum tíma og engin leið að snúa við í rauninni.

Þú hefur samið fjölmörg lög fyrir hann síðan og ber þar helst að nefna Djamm í kvöld sem sló rækilega í gegn á síðasta ári. Ert þú einhvers konar vél þegar kemur að lagasmíðum?

Nei, alls ekki. Það sem gerir mann virkan í þessu er að setja sig í ákveðinn karakter. Ég ólst upp sem algjör rokkari en set mig bara í einhvern hip hop-gír og þreifa mig áfram. Þegar ég er til dæmis að vinna fyrir Pál Óskar hlusta ég á lögin hans og hugsa hvernig lög ég myndi semja í þessum stíl. Hvað virkar fyrir hann? Munurinn á pródúserum og flytjendum er að við getum sett okkur í hvaða karakter sem er. Flytjandinn er kannski með ákveðna ímynd og tónlistarstíl í gangi. Atvinnumöguleikarnir eru fleiri hjá pródúserum vegna þessa. Það er oft sagt að popptónlist sé öll eins en það er einmitt oft vegna þess að fólk gerir sér kannski ekki alltaf grein fyrir að stundum eru bara einn eða tveir menn á bak við öll þessi lög. Mennt sem vita hvað virkar og gera þar af leiðandi alltaf það sama eða svipað.

Hvernig efni hefur þú verið að semja fyrir nýju þáttaröðina?

Eru fleiri smellir á leiðinni? Fyrsta myndbandið og lagið verða vonandi stór. Myndbandið er að minnsta kosti tryllt og lagið er teknósturlun. Ég vil eiginlega ekki gefa upp mikið meira en það verður forvitnilegt að sjá hvernig fólk tekur í þetta.

viðtalið

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan

landsteinana: London sem ég heimsótti í desember með góðum vinum mínum og kærustu.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði

á: Ábyggilega Vegamót þar sem ég fæ mér oft en ekki Louisiana-kjúklingsstrimlana.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á:

Ég horfði á mynd í gær sem heitir 30 Days Of Night, vampírmynd með Josh Hartnett sem var mjög spes.



Síðasta húsverk sem ég innti af hendi:

Í gær hjálpaði ég litlu frænku minni að bera trjáköfa upp í tré sem var mjög skemmtilegt enda langaði mig lengi í svona sjálfur.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum

að mér þætti vænt um hann: Það hlýtur að hafa verið við kærustuna bara mjög nýlega, annars er ég ekki að standa mig.



Hvað er annars á döfnni hjá StopWaitGo?

Við erum að vinna með Friðriki Dór að nýrri plötu hans, svo viljum við koma lögum á næstu plötu hjá Páli Óskari og erum mikið að vinna með auglýsingastofum. Það er mjög margt á leiðinni sem við höfum verið með puttana í og svo erum við mikið að senda lög út til umboðsmannsins. Það virkar þannig að við fáum lista af listamönnum sem eru að leita sér að lögum og lýsingu á því sem þeir vilja. Svo reynum við eftir bestu getu að svara þeim kröfum, sem er erfitt að svara frá Íslandi, og vonum að okkar lag nái inn hjá einhverju stóru nafni. Umboðsmaðurinn okkar segir sjálfur að hann nenni ekki að vera að vesenast í einhverjum smálöxum og á listanum eru alveg mjög stór nöfn sem okkur finnst oft yfirþyrmandi. Um leið og múrinn er rofinn öðlast maður traust í bransanum en þangað til erum við með nokkur minni verkefni á okkar könnu.

Auðvitað viljum við vinna okkur upp metorðastigann, Siggi gjaldkeri vill alltaf komast í þjónustufulltrúann á endanum

Lífr þú alfarið á tónlist eins og staðan er í dag?

Já, það mætti segja það. Þetta er ekkert auðvelt og við fórum út til Los Angeles í fyrra til að þreifa fyrir okkur, sjá hvaða möguleika við hefðum. Þar kynntumst við umboðsmanni sem hafði mikinn áhuga á okkur og er að sjá um pródúsera á borð við Jukebox sem gerði Whip My Hair með Willow Smith. Okkur fannst samt mjög ótrúlegt að vera boðinn samningur eftir að hafa verið úti í þrjár vikur. Nú erum við búnir að vera að vinna fyrir hann í heilt ár við að koma okkur á framfæri og á meðan taka að okkur íslensk verkefni til að safna pening fyrir útlandaferðinni. Maður harkar bara í þessu.

Hefur þig lengi dreymt um að starfa við tónlist á erlendum vettvangi?

Tækifærið virðist vera núna ef við viljum gera eitthvað úr þessu og við verðum að taka þessa áhættu. Við erum náttúrulega að missa af öllum félögnum sem eru í skóla og að gera eitthvað sem ber öruggan árangur. Það sem hvetur mann áfram er að vita að maður á alveg sjens miðað við ýmislegt af sorpi sem er í gangi í útvarpinu. Það sem er svo skemmtilegt við Íslendinga er að núna segja allir að maður sé að fara til Los Angeles að meika það. Þessi frasi er svo fyndinn. Við erum að fara út til að vinna og munum aldrei vera neitt í sviðsljósinu. Við erum gaurarnir á bak við tjöldin. Auðvitað viljum við vinna okkur upp metorðastigann, Siggi gjaldkeri vill alltaf komast í þjónustufulltrúann á endanum.

Hvað finnst þér um hina íslensku tónlistarsenu?

Hún hefur verið að sækja í sig veðrið upp á síðkastið. Svona þegar fólk fór að uppgötva kraftana sem búa í tónlistarforritum. Sérstaklega er mikill uppgangur í hip hop-senunni með listamönnum á borð við Gabriel, Emmsjé Gauta og Úlfí Úlfi og pródúserum eins og Basic B og Redd Lights. Það er mjög gaman að sjá þessa þróun og ég vil meina að Friðrik Dór eigi að stórum hluta heiðurinn að þessu. Hann opnaði dyrnar og gerði Íslendinga móttækilegri fyrir þessari tónlistartegund. Ísland hefur alltaf verið svo „artí“- og „indie“-sinnað land.

Nýlega settir þú mynd af blóðugum höndum þínum á Instagram og sagðist hafa verið krossfestur. Hvað gerðist eiginlega?
Þetta var eiginlega mjög asnalegt at-

Kannski væri ég bara ræsisrotta í dag ef Steindi hefði ekki komið til mín.

vik. Ég var að hjóla, lenti í sandi og flaug af hjólinu. Þetta lúkkadi svolítið eins og ég væri krossfestur eða sárin það er að segja.

Vinir þínir segja þig latan að eðlisfari. Hafa þeir eitthvað til síns máls?

Já, kannski á einhvern hátt. Ég er latur þegar kemur að einhverju sem ég hef ekki áhuga á. Ég hef mikinn metnað fyrir því sem skiptir mig máli en lagði til dæmis ekki mikið í námið í Verzló. Í kjölfarið var ég einmitt rekinn úr dagskólanum sem var mjög erfitt fyrir mig af því að mér fannst ég ekki eiga það skilið. Á þessum tíma hafði ég líka verið í smá-persónulegri krísu og ekki alveg tilbúinn í svona dæmi. Síðan bráðlega eftir þetta kom Steindalagið út og satt best að segja hafði það mjög mikla þýðingu fyrir mig akkurat á þessum tímamarki. Kannski væri ég bara ræsisrotta í dag ef Steindi hefði ekki komið til mín.

Hvar sérðu sjálfan þig eftir fimm ár?

Ég vil vera kominn með meiri festu í lífinu og því sem ég er að gera í dag. Vonandi verð ég að semja tónlist og framfleyta mér á því, hvort sem það er í Bandaríkjunum eða annars staðar. Maður vill bara gera eins og allir aðrir, afla sér tekna og lifa lífinu.

Kæmi til greina að starfa við eitthvað annað en tónlist?

Já, algjörlega. Ég sé bara til hvernig þetta gengur og ef allt fer til fjandans þá fer ég bara í skóla eða reyni að komast inn í þáttagerð eða eitthvað slíkt. Við bræðurnir reyndum nú að blanda þessu saman í fyrra þegar við unnum hjá FM957 í Villta Vestrinu en það reyndist vera alltof mikil vinna.

Heimildir Monitors herma að þú sért fær teiknari og hafir jafnvel áhuga á arkitektúr. Er eitthvað til í því?

Já, það gæti reyndar alveg gerst. Fjölskyldan mín er mikið á listræna sviðinu svo það er kannski eðlilegt að ég hafi leiðst út í þann geira líka. Systir mín er fatahönnuður, móðursystir mín er ljósmyndarinn Anna Pálma og starfar í New York og bróðir ömmu minnar er einmitt arkitekt sem hefur teiknað fjöldann allan af húsum, meðal annars einhver glæsihús á Arnarnesinu. Skyldmennin og velgengni þeirra gefa manni hvatningu.

Ef þú ættir að teikna mynd núna, hvað myndir þú teikna?

Kannski þennan lunda bara? (Tekur upp Lunda Pysjason, fyrrverandi forsiðufyrirsætu Monitor)

ÁSGEIR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 100490.

Uppáhaldsmatur: Jólámatúrinn sem er einhver mömmuuppskrift að svínakjöti í sinnepssósu.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Verður maður ekki að segja stúdíóið?

Uppáhaldstónlistarmaður: Þeir eru margir en ef ég þarf að velja einn þá er það Kanye West þar sem hann er bæði góður flytjandi og pródúser.

Lag í upphaldi þessa dagana: Spectrum-remixið sem Calvin Harris gerði fyrir Florence & The Machine.


Æskufyrirmynd: Ég held ég verði að segja Slipknot.



EKKI MISSA
AF NEINU

595 6000

www.skjareinn.is



PIPARITBWA • SÍA • 122071

Johnny Naz snýr aftur

á fimmtudögum frá 27. september

Vertu með í fjörinu



SKJÁREINN



Tannteygjurnar voru stærstu tískumistökin



Myndir/Árni Seberg

UPPÁHALDS

HATTUR: MONKI
BOLUR: GINA TRICOT
BUXUR: H&M
SKÓR: MONKI

Stíllinn fékk Áslaugu Björnsdóttur í heimsókn þessa vikuna en hún skapaði sér nafn í módelbransanum fyrir nokkrum árum. Áslaug klæddi sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni.

Áslaug hefur tekið þátt í mörgum skemmtilegum verkefnum tengdum módelstörfum og árið 2010 tók hún þátt í Elite-keppninni. Í haust stefnir Áslaug á að hefja nám í lögfræði við Háskóla Íslands en hún útskrifaðist frá Verzló í vor.

Hvenær byrjaðir þú í módelbransanum?

Ég var að vinna í ísbúðinni sumarið 2010 þegar umboðsmaður frá Elite spurði mig hvort ég hefði áhuga á að verða módel. Ég vissi ekki hvort þetta væri grín eða ekki en lét hana samt fá númerið mitt. Mánuði seinna hringdi hún og bauð mér að taka þátt í Elite-keppninni.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Ég er mjög mikið fyrir sérstök fót og finnst gaman að blanda saman allskonar stílum. Skemmtilegast finnst mér þó að klæðast pönkara- og hippalegum fötum.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Ég hef mjög gaman af því að fylgjast með tískunni og sjá hvernig hún snýst í hringi.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Á Íslandi finnst mér best að gramsa í verslunum sem selja notuð fót, svo sem Spúútnik, Nostalgiu og Rokk og rósum. Þegar ég fer til útlanda versla ég aðallega í Monki, Weekday, Urban Outfitters, American Apparel og auðvitað H&M.

Hver er best klædda kona heims?

Mary-Kate og Ashley Olsen eru alltaf jafnflottar en fólkið sem ég tek mest eftir er það sem er ekki hrætt við að prófa eitthvað nýtt og er öruggt í því sem það klæðist.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnum fyrir sumarið?

Gallastuttbuxur, gallajakka, magaboli, rokkuð sólgleraugu og svo má ekki gleyma bikiniinu.

Hver hafa verið þín verstu tískumistökin?

Þegar ég var með spangir og það tannlækninn minn að skreyta þær með bleikum og grænum teygjum.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

Ég er ísbúðardama í ísbúðinni í Garðabæ í allt sumar en í ágúst fer ég svo með fjölskyldunni til Köben þar sem ég get vonandi endurnýjað hluta af fataskápnum mínum.

Hvort myndir þú frekar vilja vera forseti eða rokkstjarna?

Ég myndi vilja vera forseti sem væri rokkstjarna. Ég er kona, ég slæ tvær flugur í einu höggi.

Hvert er þitt stærsta verkefni til þessa?

Þegar ég fór í myndatöku fyrir spænska tímaritið The Balde. Það var voða spennandi.

En það skemmtilegasta?

Þegar ég var fengin til að vera gína í Topshop.

Er eitthvað spennandi á döfnni hjá þér í fyrirsætustörfunum?

Ekkert á næstunni en við sjáum hvað setur.



ÚT Á LÍFIÐ

HATTUR: MONKI
SKYRTA: URBAN
OUTFITTERS
SAMFELLA: BERSHKA
PILS: H&M
SKÓR: URBAN
OUTFITTERS



HVERSDAGS

JAKKI: DKNY
SKYRTA: AMERICAN APPAREL
KJÓLL: H&M
SKÓR: DR. MARTENS



SUMARDESSIÐ

BOLUR: H&M,
BUXUR: SPÚÚTNIK
SKÓR: DR. MARTENS
SÓLGLERAUGU: H&M



BORÐIÐ OG STÓLARNIR ERU KEYPTIR Í HEIMA OG KERTASTJAKINN ER ÚR ILVU



BOLTINN ER KEYPTUR Í SALZBURG Í BÚÐINI GEHMACHER



SPEGILLINN OPNAR RÝMIÐ OG MÁLVERKIÐ LÍFGAR UPP Á ÞAÐ

Myndir/Styrmir Kári

Gaman að kaupa hluti sem eiga sér fáa líka

Stíllinn kíkti til ungs pars sem býr í nýttískulegri og fallegri íbúð í **Vesturbænum**. Þau eru yfirleitt sammála þegar kemur að því að gera fínt á heimilinu og finnst gaman að blanda saman gömlum og nýjum húsgögnum til að skapa heimilislega stemningu.



VEGGKLUKKAN ER ÚR URBAN OUTFITTERS

Hafið þið mikinn áhuga á hönnun?

Nei, við getum ekki beinlínis sagt það. Okkur finnst gaman að fallegum hlutum og höfum skoðanir á því hvað okkur finnst flott en við lítum ekki til einstakra hönnuða.

Hvað hafið þið í huga þegar þið kaupði húsgögn og skreytið heimilið?

Helst að hlutirnir passi inn á heimilið og oft finnst okkur gaman að kaupa hluti sem eiga sér fáa líka.

Hver er uppáhaldshúsgagnaverslunin ykkar?

Okkur finnst erfitt að nefna einhverja eina húsgagnaverslun hérna á Íslandi en við höfum oft farið í húsgagnaverslun í Salzburg í Aust-

urríki sem heitir Gehmacher og er hún í miklu uppáhaldi.

Hvernig myndu þið lýsa stílnum á heimilinu?

Heimilið okkar er frekar stílhreint og frekar í áttina að vera nýttískulegt. Til að gera heimilislega finnst okkur flott að blanda gömlum húsgögnum og hlutum við nýrri, til dæmis tekk-sófaborðið.

Hafið þið svipaðan smekk þegar kemur að stílnum á heimilinu?

Já, allavega höfum við yfirleitt verið mjög sammála hingað til.

Ef þið yrðuð að mála alla íbúðina í einum og sama litnum öðrum en hvítum, hvaða litur yrði fyrir valinu?

Einhver ljós litur eins og til dæmis ljósbrúnn.



STOFUBORÐIÐ ER GJÖF FRÁ ÖMMU OG AFA



KERTASTJAKINN ER HANNAÐUR AF MARGRÉTI HALLDÓRS-DÓTTUR OG LAMPINN ER KEYPTUR Í CASA



MÁLVERKIÐ ER KEYPT Í GEHMACHER



STÍLHREINT OG FALLEGT



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Matthías Matthíasson.
 Á forsíðu: 7. júlí 2011.
 Fyrirsögn viðtals: Djöfulsins snillingur!

Rosalega flýgur tíminn. Ég er búinn að gera alveg hrikalega mikið síðan. Stærsta verkefnið er líklega nýja Ávaxtakörfumyndin og sjónvarpsþættir í kringum hana. Svo var ég að senda frá mér mitt fyrsta sólólög nýlega og það hefur fengið alveg frábær viðtökur. Lagið er eftir strák sem heitir Brynjar Guðjónsson, ég samdi textann við það og fékk svo Vigni Snæ til að útsetja með mér. Ég fékk fyrir þessu lagi þegar ég heyrði demoíð því mér finnst það svo jákvætt, glaðlegt og skemmtilegt. Mig langaði svo til að koma með eitthvað jákvætt og skemmtilegt inn í umræðuna og ég held að það hafi gengið mjög vel. Þessa dagana er ég að vinna í að klára eitt lag í samstarfi við Shay Healy sem gerði lagið What's Another Year með Johnny Logan í gamla daga svo það er nóg um að vera og næg verkefni framundan.

Matthías Matthíasson.



LOL-MAIL MONITOR

Monitor náði því miður ekki í skottið á Valda Gríms sem Steindi Jr. skoraði á fyrir tveimur vikum.

En Monitor deyr aldrei ráðalaus og ætlar því að bjóða upp á brandara úr eigin smíðju þessa vikuna.

Monitor vill þó vara alla þá sem hata fimmaurabrandara við og biður þá um að lesa ekki lengra.

Vitið þið af hverju presturinn var alltaf nakinn í öllum útförum?

Af því að honum fannst best að jarða ber.

Hlæ hlæ í poka, Monitor-vélin

LOKAPRÓFIÐ

| 2. ágúst 2012 |
MONITOR
 skólinn

Ég heiti Fannar Sveinsson

Ef ég væri ekki Fannar Sveinsson myndi ég helst vilja vera

- Atli Fannar Bjarkason, stjórnumblaðamaður á Fréttablaðinu
- Annar Sveinsson, en samt sonur föður míns
- Addi Fannar, gítarleikari í Skítamóral
- Svampur Sveinsson, teiknimyndafígúra
- _____



af því að mann er svo jörðbundinn og heilsteypur

Eiginhandarítunin mín lítur svona út:

Fannar Sveinsson

Af öllu í heiminum þá dýrka ég mest

- bjór og fallegar konur
- geggjaðar myndavélar
- Gylfa Sigurðsson
- góðar stundir með vinum
- Tomas Andra vin minn en diet spöte

fer mest í taugarnar á mér.

Ef ég fengi tvær óskir þá myndi ég óska þess

- að ég yrði ótrúlega góður í fótbolta og að konan mín væri falleg.
- að ég yrði ótrúlega góður í fótbolta og að konur væru ekki alltaf að stara á mig.
- að ég yrði gedveikt góður í körfubolta og að ég myndi eignast mikinn pening.
- að ég yrði rokkstjarna og að öll stríð í heiminum myndu hætta.
- _____

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Allan og í því stóð Eg er að fara út á land og kemt ekki aftur

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég

skrifa þá langan stóttis að enginn myndi nema að lesa námm



Þú veist hver ég er af því að er í Hraðfréttum sem er mikilvægasti metatími landsins

Það sem ég elska mest við vinnuna mína í augnablikinu er

- að fara á völinn með Gunna og finna hvað allir elska okkur ótrúlega mikið.
- að klippa pólitískt fréttæfni fyrir mbl.is.
- allt samstarfsfólkið á Mogganum sem ég á eftir að sakna mikið þegar ég fer að vinna hjá RÚV.
- er ekki neitt því ég er bara að bíða eftir því að byrja með Hraðfréttir aftur í haust á föstudögum eftir Kastljósið.
- Hitta Hall, Christian og Hvata minna alla daga

Besti vinur minn í öllum heiminum er að sjálfsgöðu

- Benedikt Valsson sem er með mér í Hraðfréttum
- Skúli Jón Friðgeirsson, leikmaður Elfsborg í Svíðbjóð
- Friðrik Dór Jónsson, söngvari
- Gunnar á Völlum
- Tomas Andra af því að við þekkjum hvann annan svo ótrúlega vel.

Íbúðin sem ég leigi er mjög fræg vegna þess að

- Skúli Jón Friðgeirsson, knattspyrnukeppi á hana
- Amar Gauti og Ásgeir Kolbeins hraunuðu yfir hana á sínum tíma áður en sá síðarnefndi gerði hana upp
- Dorrit og Óli kynntust þar í partíi á áttunda áratugnum
- þar bjó lítill amaruungi í þrjá mánuði á meðan húsið var eyðibýli
- en helsti gallinn við íbúðina er að lekur og hefur gert það síðan ég flutti inn

Uppáhaldsknattspyrnuþjálfarinn minn í sögu Víkings Reykjavík er án efa

- Óli Þórðar.
- Andri Marteins.
- Leifur Garðarsson.
- Jesper Tollefsen.

SÍÐAST EN EKKI SÍST

►► **Hrannar Eyþór Sævarsson, raftækni, fílar:**

BÓK: Fifty Shades of Grey eftir E. L. James er í gríðarlegu upphaldi hjá mér. James nær á fallegan máta að lýsa aðstæðum sem eru mér mjög hugfangnar.



en ef ég þarf að nefna eina þá er það Purple Rain sem Prince gaf út árið 1984. Hún inniheldur lög sem fá mann til að hlæja og gráta á sama tíma liggur við.



KVIKMYND: Klárlega Shawshank Redemption. Ég sá hana í fyrsta skipti í fyrradag og ég var nánast með gæsaúð allan tímann. Tim Robbins og Morgan Freeman ná ótrúlega vel saman í þessari mynd og svo er plottið frábært.



ÞÆTTIR: Ég var alltaf með mikið blæti fyrir The L Word og mér fannst mikil synd þegar þeir hjá Showtime ákváðu að hætta með þættina árið 2009. En ég á þá alla á flakkarannum og kiki mjög reglulega á stöku þátt.

PLATA: Það er rosalega erfitt að velja einhverja eina plötu enda á ég þúsundir platna hér heima



VEFSÍÐA: Daglega fer ég alltaf sama netrúntinn en staldra iðulega lengst inni á dv.is. Mér finnst sniðugt hjá þeim að leyfa fólki að taka þátt í umræðunni því ég er hlynntur málfrelsi á Íslandi.



STAÐUR: Amsterdam er í miklu upphaldi. Ég reyni að fara þangað að minnsta kosti einu sinni á ári. Ég á orðið nokkra vini þarna svo ég þarf ekki að borga fyrir gistinguna svo það er stór plús.



LAGALISTINN

Vikan 22. - 29. júlí 2012

- Jón Jónsson All, You, I
- Lykke Li Follow Rivers
- Helgi Júlíus & Valdimar Guðmunds. Þú ert mín
- Ásgeir Trausti Leyndarmál
- Tilbury Tenderloin
- Fun Some Nights
- Retro Stefson Fram á nótt
- Jónas Sigurðsson Þyrnigerðið
- Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ég er kominn heim í heiðardalinn
- Flo Rida Whistle

- Stooshe Black Heart
- Sálin hans Jóns míns Hjartadrottningar
- Train 50 Ways To Say Goodbye
- Fjallabræður & Sverrir Bergmann Þar sem hjartað slær
- Keane Sovereign Light Café
- Kiryama Family Weekends
- Owl City / Carly Rae Jepsen Good Time
- Ed Sheeran Small Bump
- Loreen Euphoria
- Katy Perry Wide Awake
- Gabriel, Unnsteinn Manúel & Opee Sólskin
- Pink Blow Me
- Of Monsters And Men Six Weeks
- The Killers Runaways
- Blur Under The Westway
- Graffiti6 Free
- Þórunn Antonía So High
- Florence & The Machine Spectrum
- Dikta In Spite Of Me
- The Wanted Chasing The Sun

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95,7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



TÓNLISTINN

Vikan 22. - 29. júlí 2012

- Of Monsters And Men My Head Is An Animal
- Mannakorn í blómabrekkunni
- Helgi Björns og reiðmenn vindanna Heim í heiðardalinn
- Sigur Rós Valtari
- Ýmsir Pottapartý með Sigga Hlö
- Brimkló Síðan eru liðin mörg ár
- Ýmsir Hljómskálinn
- Tilbury Exorcise
- Ýmsir Hot Spring: Landamannalaugar
- Mugison Haglé

- Gus Gus Arabian Horse
- Ýmsir Íslandsklukkan (instrumental)
- Ýmsir Pottþétt 57
- Björk Gling gló
- Ýmsir Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision
- Hafðís Huld Vögguvísur
- Ýmsir Íslandsklukkan
- Rökkurró í annan heim
- Justin Bieber Believe
- Bubbi Morthens Þorpið
- Helgi Júlíus Óskarsson Kominn heim
- Adele 21
- Sigur Rós Takk
- Ýmsir Bara grín!
- Sóley We Sink
- Björk Biophilia
- Sigur Rós Ágætis byrjun
- Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ríðum sem fjadinn
- Low Roar Low Roar
- Helgi Björnsón Íslenskar dægurperlu í Hörpu

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur söluútlur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundsson, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.

LÉTTÖL

TUBORG

LIQUID SOUNDTRACK

*Fjörirð hefst
með Tuborg*





ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010

"ÚTI Í EYJUM
BJÓ EINAR KALDI
ER HANN HÉR ENN?"
- Stuðmenn -

"LÍFIÐ ER YNDISLEGT, SJÁÐU,
ÞAÐ ER RÉTT AÐ BYRJA HÉR."
- Hreimur -



FABRIKKAN
Á **ÞJÓÐHÁTÍÐ** Á
FABRIKKUNNI

FABRIKKUGRILLBÍLLINN VERÐUR Í DALNUM ALLA ÞJÓÐHÁTÍÐARHELGINA.
SIMMI & JÓI STANDA VAKTINA OG GRILLA FABRIKKUBORGARA ÁSAMT
LANDSLIÐI GRILLARA FRÁ FABRIKKUNNI

ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNINGIN Á FABRIKKUNNI

HAMBORGARAFABRIKKAN HITAR UPP FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ MEÐ LIFANDI TÓNLIST.
5 Í FÖTU Á FRÁBÆRU VERÐI OG VIÐ SKUTLUM FRÍTT Í BÆINN.



Fim. 26. júlí
JÓN JÓNSSON
22.30
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fös. 27. júlí
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR
LAGALISTINN**
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Lau. 28. júlí
INGÓ
22.30
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Mið. 1. ágúst
INGÓ
22.30
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fim. 2. ágúst
JÓN JÓNSSON
22.30
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Fös. 3. ágúst
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR
LAGALISTINN**
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Lau. 4. ágúst
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR
LAGALISTINN**
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF



Sun. 5. ágúst
**ÞJÓÐHÁTÍÐAR
LAGALISTINN**
HAPPY HOUR
FRÁ TÍU TIL TÓLF

